

**Ed. 784. Breytingartillögur [342. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (StB).

1. Við 2. gr. A-liður orðist svo:

2. másl. 5. tölul. orðist svo: Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá útgerðarfyrirtækjum til að standa undir fæðiskostnaði um borð í fiskiskipum.

2. Við 3. gr. bætist nýr töluliður er orðist svo:

Tekjur skv. 1. tölul. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–3. tölul. þessa staflíðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal

þó aldrei vera hærri en 700 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar skv. 1. mgr. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt skv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

3. Við 10. gr.
  - a. Við 1. efnismgr. A-liðar bætist nýr málsl. er orðist svo: Ráðherra er þó heimilt að tvöfalda í tólf mánuði persónuafslátt þeirra námsmanna sem náð hafa 21 árs aldri, frá og með þeim tíma er þeir ljúka námi.
  - b. Við 3. mgr. A-liðar bætist nýr málsl. er hljóði svo:

Ráðherra er þó heimilt að setja ákvæði í fyrrgreinda reglugerð um millifærslu persónuafsláttar milli mánaða hjá námsmönnum með hliðsjón af takmörkuðum vinnutíma þeirra ár hvert.
  - c. 2. málsl. 1. mgr. B-liðar orðist svo: Sjómannaafsláttur skal vera 220 kr. fyrir hvern dag sem maður telst stunda sjómannsstörf.
4. Við 11. gr. 1. mgr. B-liðar orðist svo:

Beri maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr., vaxtakostnað, sbr. 51. gr., vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota á hann rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Við fyrstu íbúð sem maður eignast skal reikna fullar húsnæðisbætur en hálfar sé um kaup annarrar eða þriðju íbúðar að ræða.
5. Við 18. gr.
  - a. 1. málsl. 1. efnismgr. orðist svo:

Fjárhæðum, sem um ræðir í 68. og 69. gr., skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin er í fjárlögum hvert ár.
  - b. 1. tölul. 1. efnismgr. falli brott.
6. Við ákvæði til bráðabirgða I. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.
7. Við ákvæði til bráðabirgða, II. Orðin „í fyrsta sinn“ falli brott.
8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þegar að lokinni samþykkt þessara laga skal ríkisstjórn hefja undirbúning heildariöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt. Miða skal við að löggjöf þessi taki gildi fyrir næstu áramót er lög þessi öðlast gildi. Markmið löggjafarinnar skal vera að flytja a.m.k. 500 millj. kr. skattbyrði af tekjuskatti launafólks til fyrirtækja og fjármagnseigenda.

Helstu atriði löggjafarinnar verði þessi:

  1. Einföld skattlagning á fyrirtæki, færri undanþágur og afnám margs konar frádráttarliða þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Skatttegundum verði fækkað og þess gætt að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.
  2. Hert ákvæði um refsingu við skattalagabrotum og álög.
  3. Hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Skattrannsóknarstjóri fari með bókhaldseftirlitið og fái auknar sektarheimildir vegna bókhaldsbrot.
  4. Ríkisskattanefnd úrskurði sektir fyrir hrein bókhaldsbrot eins og skattabrot.
  5. Sjálfstæð refsíákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind sjálfstætt eftir atvikum með mismunandi refsímörkum. Í lögum verði ákvæði um heimild til sviptingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.

6. Nýtt ákvæði komi í almennum hegningarlögum um „stórfellda óreglusemi“ í færslu bókhalds.
7. Hlutræn refsíábyrgð lögaðila verði svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.
8. Embætti ríkisskattstjóra breytist í stofnun er fari með heildarstjórn skattamála, bæði faglega og verkstjórnarlega. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum fari fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk starfar. Skattstofur í núverandi mynd leggist niður en eftir verði aðilar sem veita upplýsingar til almennings og afla gagna vegna framtala.
9. Skýr ákvæði verði um menntunarmál starfsfólks á skattstofum, m.a. um skattskólann.
10. Komið verði á fót sérstöku eftirliti sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl.
11. Ný ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.